

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2014

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun, þskj. 21-21. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Í tillögunni er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að mæla og greina umfang matarsóunar á Íslandi og leggja fram tillögur um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Ráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framgangi verkefnisins með munnlegri skýrslu á haustþingi 2015. Áætlun um aðgerðir til að draga úr matarsóun liggja fyrir á haustþingi 2016.

Bent er m.a. á í greinargerð með tillögunni að mikil og neikvæð umhverfisáhrif séu af matvælaframleiðslu og á sama tíma búi milljarðar jarðarbúa við hungurmörk. Þá er bent á að í öðrum ríkjum hafi verið gripið til aðgerða til að draga markvisst úr matarsóun.

Í ályktun 43. þings BSRB um umhverfismál segir m.a.:

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Viða hafa opinberir aðilar staðið vel að vitundarvakningu í umhverfismálum og halda verður því starfi áfram og gera enn betur í framtíðinni.

BSRB telur að efni þingsályktunartillögunnar sé mjög í anda ályktunarinnar og styður því framgang tillögunnar.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis til félags umhverfisfræðinga (FUMÍ) dags. 20.nóvember sl., þar sem félaginu er gefinn kostur á því að leggja fram umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun, 21.mál. Félag umhverfisfræðinga vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri við nefndina.

Félag umhverfisfræðinga fagnar því að ofangreind þingsályktun er komin fram. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögu að þingsályktun þá er áætlað að allt að helmingur þeirra matvæla sem ræktuð eru og framleidd í heiminum endi með einum eða öðrum hætti sem úrgangur.

Matvælaframleiðsla hefur í för með sér mikil umhverfisáhrif og er ljóst að matarsóun hefur í för með sér gríðarlega mikil og neikvæð umhverfis- og efnahagsleg áhrif og því mjög brýnt að draga úr þeirri sóun. Í skýrslu Matvælastofnunar Sameinuðu Þjóðanna (FAO) sem kom út árið 2013 um matarsóun segir m.a.:

„Food wastage's carbon footprint is estimated at 3.3 billion tonnes of CO₂ equivalent of GHG released into the atmosphere per year.

The total volume of water used each year to produce food that is lost or wasted (250km³) is equivalent to three times the annual flow of Russia's Volga River, or three times the volume of Lake Geneva.

Similarly, 1.4 billion hectares of land - 28% percent of the world's agricultural area - is used annually to produce food that is lost or wasted.“

Félag umhverfisfræðinga telur því mjög jákvætt að settur verði á fót starfshópur sem muni hafa það að markmiði að mæla og greina umfang matarsóunar á Íslandi ásamt því að leggja fram tillögur að úrbótum, og hvetur félagið til þess að hópurinn verði stofnaður hið fyrsta. Félag umhverfisfræðinga bendir á að nú þegar hafa farið af stað ýmis verkefni á vegum sveitarfélaga og ríkis sem stuðla eiga að t.d. betri nýtni og minni sóun. Þessi verkefni gætu hugsanlega nýst inn í vinnu starfshópsins, en þarna er um að ræða m.a. Græn skref Reykjavíkurborgar og Græn skref í ríkisrekstri.

Félag umhverfisfræðinga telur að góð þekking á umhverfismálum geti komið sér vel við vinnu starfshópsins og getur félagið haft milligöngu í því að tilnefna umhverfisfræðing í starfshópinn, ef eftir því er óskað.

Reykjavík, 3.12.2014

Virðingarfyllst,

Stjórn félags umhverfisfræðinga

EFNI: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir til að draga úr matarsóun.

TILVÍSUN: Þingskjal 21 — 21. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér efni tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Landvernd fagnar því að vilji skuli vera fyrir því að ráðast í mælingar og í kjölfarið fara í aðgerðir til þess að draga úr matarsóun. Með þessu er farið að fordæmi t.d. Dana, Breta og Norðmanna.

Landvernd styður heilshugar ákvarðanir um að ráðast í markvissar aðgerðir gegn matarsóun. Samtökin leiða verkefni á þessu sviði, sem nefnist Zero Waste, í samvinnu við Vakandi og Kvenfélagasamband Íslands. Bent er á að starfshópur umhverfis- og auðlindaráðherra sem leggja skal fram hugmyndir um aðgerðir gegn matarsóun hefur nú þegar verið skipaður og fyrstu fundir hafa verið haldnir. Í þeim hópi sitja aðilar sem teljast hagsmunaaðilar og sérfræðingar sem berjast gegn matarsóun, auk fulltrúa félagasamtaka, m.a. Landverndar.

Eftirfarandi eru athugasemdir Landverndar við drög að þingsályktunartillögu:

1. Í fyrstu línu¹ er talað um að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp sem hafi að markmiði að mæla og greina umfang matarsóunar á Íslandi. Landvernd þykir rétt að þessi vinna verði unnin þverfaglega með fjármálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti, þar sem að matarsóun er vandamál og viðfangsefni sem snertir umhverfislega, fjárhagslega og samfélagslega þætti.

2. Í byrjun greinargerðar segir:

„Áætlað er að einn þriðji, jafnvel hátt í helmingur, þeirra matvæla sem eru ræktuð og framleidd í heiminum endi með einum eða öðrum hætti sem úrgangur.“

¹ Miðað við PDF skjal af þingsályktunartillögu

Réttara þætti okkur að taka fram að matvæli þessi séu framleidd til manneðis og að þeim sé sóað. Orðalagið: „að enda með einum eða öðrum hætti sem úrgangur“ hljómar óskýrt.

3. Í annarri línu greinargerðar segir:

„Þessi sóun á sér stað á öllum stigum; á akrinum, strax eftir uppskeru, við flutning, hjá framleiðendum, í verslunum, í mötuneytum, á veitingastöðum og hjá neytendum.“

Gott væri að taka fram að þessi sóun á sér stað hjá ólíkum framleiðendum (og þar með ná yfir alla framleiðendur, ekki eingöngu þá sem stunda akuryrkju), einnig að nefna pökkun, dreifingu og heilidsölur.

4. Í fjórðu línu greinargerðar segir:

„Mat er hent vegna þess að hans er ekki neytt fyrir síðasta söhludag, hefur skemmst, lítur illa út eða afgangar ekki nýttir svo að dæmi séu tekin“

Mat er hent af ýmsum ástæðum og verður sóunin frá öllum stigum framleiðslunnar og allt til neytenda. Svo sem vegna: merkinga á geymsluþoli, útlitsstaðla, magntilboða, ónýttum afgangum en fyrst og fremst er um offramleiðslu að ræða.

5. Í sjöttu línu greinargerðar segir:

„Þegar talað er um matarsóun er miðað við að mat sé hent sem hefði annars getað nýst“

Ágætt er að taka einnig fram að ekki er átt við eðlileg afföll, svo sem bein, eða hýði utan af mat.

6. Í fyrstu línu á annarri blaðsíðu í greinargerð er minnst á herferðir erlendis sem farið hefur verið í gegn matarsóun. Ágætt er að taka það fram að þessar herferðir eru ríkisstyrktar þar sem ríki sjá hag sinn fölginn í því að taka á vandamálinu. Bæði með sparnaði við sorphirðukostnað og afleidd vandamál tengd matarsóun, einnig í alþjóðlegu samhengi.

7. Í fjórðu línu á annarri blaðsíðu í greinargerð er minnst á markmið

Evrópusambandsins. Gott væri að nefna hvert markmiðið er, en Evrópusambandið ætlar að minnka matarsóun um 50% frá því sem nú er fram til ársins 2020².

8. Í fimmtánda línu á annarri blaðsíðu í greinargerð segir:

„Þingsályktunartillagan mælir ekki fyrir um sérstakar aðgerðir sem ráðherra

² http://ec.europa.eu/environment/resource_efficiency/pdf/com2011_571.pdf

*er falið að ráðast í heldur þarf að meta það viðtækt hvaða aðgerðir séu
líklegar til árangurs.”*

Landvernd bendir á að nauðsynlegt sé að ráðast í mælingar á umfangi og magni matarsóunar og að safna grunngögnum til að eiga til samanburðar þegar ráðist hefur verið í aðgerðir gegn vandamálinu. Ágætt væri að taka það fram í þessari setningu.

9. Í síðustu málsgrein greinargerðarinnar segir:

„Vitundarvakning hefur orðið hér á landi á undanförunum árum og í september 2014 var haldið málþing í Hörpu þar sem gestir og gangandi voru fræddir um matarsóun.”
Landvernd telur vitundarvakningu um matarsóun hafa átt sér stað á liðnu ári, ekki undanförunum árum. Auk þess má benda á það að Landvernd, Vakandi og Kvenfélagasamband Íslands, ásamt Stop Spild af Mad í Danmörku og Matvett í Noregi (með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar) stóðu fyrir þessu málþingi í Hörpu og hélt einnig ráðstefnu í Norræna húsinu 25. nóvember 2014 þar sem innlendir sérfræðingar ræddu um málið auk norrænna fyrirlesara sem vinna gegn matarsóun í heimalöndum sínum. Þar kom fram greinilegur vilji ólíkra aðila til þess að taka á þessu máli og ljóst er að vantað hefur upp á samtal milli ólíkra aðila. Skýr krafa var um að ráðist yrði í mælingar á matarsóun og aðgerðir í kjölfarið kynntar.

Við hjá Landvernd erum tilbúin til að ræða málið betur fyrir þingnefnd ef óskað er eftir því.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar

Rannveig Magnúsdóttir
Verkefnastjóri Matarsóunarverkefnis

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir
Starfsmaður Landverndar



Neytendasamtökin

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2014.

Umsögn Neytendasamtakanna við tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun, 21. mál.


Neytendasamtökin fagna framkominni þingsályktunartillögu og taka fyllilega undir þá umfjöllun sem fram kemur í greinargerð með henni.

Hins vegar ber að líta til þess að samkvæmt frétt af heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 29. september sl. hefur þegar verið skipaður starfshópur sem ætlað er að móta tillögur um hvernig megi draga úr sóun matvæla. Hann hefur þannig nokkuð annað hlutverk en sá hópur sem lagt er til að verði skipaður á grundvelli framangreindrar þingsályktunartillögu en þar er lagt til að skipaður verði starfshópur sem hefur það markmið að „*mæla og greina umfang matarsóunar á Íslandi og leggja fram tillögur um aðgerðir til að draga úr matarsóun.*“ Þannig virðist hópurinn sem þegar hefur verið skipaður eiga að finna leiðir til úrbóta en hópnunum sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir virðist jafnframt ætlað frekara rannsóknarhlutverk þegar kemur að matarsóun.

Neytendasamtökin hafa margsinnis á undanförunum árum fjallað um matarsóun, bæði á heimasíðu sinni og eins í Neytendablaðinu, og gáfu nýverið út áskorun til framleiðenda og verslana um að lækka sérstaklega í verði vörur sem ættu stuttan sölutíma eftir, enda mundi slíkt leiða bæði til minni sóunar og eins sparnaðar fyrir framleiðendur jafnt sem neytendur. Samtökin telja að barátta gegn matarsóun sé þannig langtímaverkefni sem ekki verði unnið á einu bretti, heldur þurfi stöðugt að vera í gangi einhvers konar átak gegn matarsóun. Teldu samtökin því eðlilegt að tillögur þær sem koma fram í framangreindir þingsályktunartillögu verði á einhvern hátt samofnar hlutverki þess starfshóps sem þegar hefur verið skipaður og starfssvið hans þannig útvíkkað. Neytendasamtökin telja raunar æskilegt að starfshópur sem hefur með höndum jafnmikilvægt verkefni og hinn nýskipaði hópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins starfi á grundvelli laga eða þingsályktunar.

Að endingu verður ekki komist hjá því að lýsa undrun á því að Neytendasamtökunum hafi ekki verið boðið að tilnefnda fulltrúa í starfshóp ráðuneytisins eða með öðrum hætti boðin þátttaka í þessu verkefni.

Með framangreindum athugasemdum lýsa samtökin stuðningi við framkomna þingsályktunartillögu og hvetja til samþykktar hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir